



# Jarðhitafélag Íslands

---

## Fundargerð 74. stjórnarfundar Jarðhitafélags Íslands Mánudaginn 23. júní 2008 kl. 9:30, í húsakynnum Samorku.

Mætt: Auður Andrésdóttir, Gústaf Adolf Skúlason, Jónas Matthíasson og Ólafur G. Flóvenz. Forföll boðuð: Ásgeir Margeirsson og Bjarni Pálsson. Þá sat fundinn Eldur Ólafsson, starfsmaður GGE, og Högni Þór Gylfason, þróunarstjóri Atom01 var gestur fundarins undir lið 3.

### 1. Fundargerð síðasta fundar.

Fyrirliggjandi drög samþykkt.

### 2. Verkaskipting stjórnar.

JM tók að sér embætti gjaldkera, en hann var fjarverandi á fyrsta fundi nýrrar stjórnar þar sem samþykkt var að beina því að honum. Skrifstofa GGE mun verða gjaldkera innan handar.

### 3. Vefur JHFÍ.

Sem fyrr segir var þróunarstjóri Atom01 gestur fundarins undir þessum lið. Kynnti hann tilboð fyrirtækisins í uppsetningu vefsvæðis fyrir JHFÍ, hönnun vefs, smíði sniðmáta og kennslu. Jafnframt kynnti hann vefstýrikerfi fyrirtækisins. Að kynningu lokinni samþykkti stjórnin að ganga að tilboði fyrirtækisins (samtals kr. 383.006 með vsk) og biðja það jafnframt um tilboð í hýsingu. Nefndar höfðu verið fáeinar þúsundir króna á mánuði og þótti stjórnarmönnum það mjög ásættanlegt, þótt heppilegast væri að innheimtan væri einungis einu sinni á ári. AA verður í sambandi við Atom01 og nýr gjaldkeri hefur fullt umboð stjórnar til að ganga frá samningi. Horft er til haustsins með framkvæmdina.

### 4. Haustþing JHFÍ.

Áður hafði verið ákveðið að tileinka haustþingið 2008 minningu Valgarðs Stefánssonar. Ákveðið var að horfa til miðvikudagsins 12. nóvember sem bráðabirgðadagsetningar og miða við u.þ.b. fimm 20 mín. löng erindi á fundi eftir hádegi. Áður hafði verið rætt um þessi drög að dagskrá:

Ávarp umhverfisráðherra	
Um Valgarð Stefánsson	- Benedikt Steingrímsson
Sjálfbærni	- Guðni Axelsson
Niðurdæling	- Grímur Björnsson
Nýtni	- Jónas Matthíasson

JM tók að sér erindið um nýtni en rætt var um hvort bæta ætti við erindi um áfangaskiptingu háhitavirkjana og hvort e.t.v. ætti að fá Guðna og Grím til að fjalla um það sameiginlega og fá þá aðra til að fjalla um sjálfbærni og niðurdælingu. ÓGF skoðar betur í samráði við BP o.fl.

### 5. Önnur mál.

Engin önnur mál.

Næsti fundur þriðjudaginn 26. ágúst kl. 9:00, hjá Samorku.

Fundi slitið kl. 11:00.

Gústaf Adolf Skúlason, fundarritari

---